



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ fuglavernd@fuglavernd.is

Reykjavík, 31.08.2021

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um mál nr. 160/2021, „Breyting á reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum“ þar sem lögð er til breyting á veiðitíma helsingja í Austur-Skaftafellssýslum þannig að hann hefjist 10. september í stað 25. september ár hvert.

Fuglavernd leggst ekki gegn fyrirhugaðri breytingu en bendir á að undirliggjandi ástæður hennar verða að byggja á faglegu mati um að stofninn þoli auknar veiðar. Þar sem það stríðir gegn meginreglum um veiðar til að verjast tjóni að veiða innlenda og náttúrulega stofna óhnitmiðað í þeim tilgangi að fækka í þeim **til að koma í veg fyrir tjón**, ber að líta á þessar veiðar sem **sjálfbærar** nytjaveiðar, **en ekki sem aðgerð til að verjast tjóni**.

Fuglavernd hvetur til varkárni varðandi útvíkkun á veiðitíma helsingja og að veiðitími verði ekki rýmkaður frekar en gert er ráð fyrir með reglugerðarbreytingunni, fyrr en reynsla er komin á það hvernig stofninn bregst við þessum nýja veiðitíma

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Fuglaverndar

Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri.